

Ákærði er sýknaður af ákærinni um upptöku framan- greinds varnings.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls- varnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgarðs Briems hdl., að upphæð kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. nóvember 1957.

Nr. 117/1956. **Guðmundur Tryggvason**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Jarðakaupasjóði ríkisins og ríkissjóði

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1956. Krefst áfrýjandi þess aðallega, að stefndu verði dæmt að bæta in solidum tjón vegna missis jarðhita þess, sem frá var skilinn við afsalsgerð 7. september 1949, er áfrýjanda var seld jörðin Kollafjörður í Kjalarneshreppi. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefnda Jarðakaupasjóði ríkisins verði dæmt skylt að endurgreiða andvirði nefndrar jarðar að rétttri tiltölu við það, sem hin undanskildu verðmæti teljast mikill hluti heildarverðmætis jarðarinnar á fyrrgreindum afsalsdegi. Þá krefst áfrýjandi þess, aðallega að stefndu verði dæmt að greiða in solidum málskostnað í hér- aði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknar- mál, en til vara, að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu, að fráskildum talsmannslaunum, er dæmd verði úr ríkissjóði.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ekki verður talið, að áskilnaður sá um endurkaupsrétt samkvæmt 27. gr. laga nr. 8/1936, sem Kolbeinn heitinn Högnason setti í afsal fyrir jörðinni Kollafirði 26. apríl 1940, hafi verið með þeim hætti, að hann hafi veitt rétt til endurkaupa á jörðinni í samræmi við nefnt lagaákvæði lengur en ákvæði þetta hafði lagagildi, enda var um fullnaðarkaup að tefla samkvæmt framangreindu afsali og ráðherra þess eigi um kominn að binda löggjafarvaldið um ráðstöfun slíkrar eignar að lögum. Það, að ráðherra undanskildi, eins og honum bar samkvæmt ákvæðum laga nr. 4/1946, jarðhitaréttindi í Kollafirði við sölu jarðarinnar til áfrýjanda hinn 7. september 1949, leiðir því ekki til skaðabótaskyldu stefndu. Ber því að sýkna þá af aðalkröfu áfrýjanda.

Varakrafa áfrýjanda hefur ekki verið dæmd í héraði, og ber því að visa henni frá Hæstarétti.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð. Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, greiðist úr rikissjóði, en að öðru leyti á hvor aðilja að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndu, Jarðkaupasjóður rikisins og rikissjóður, eiga að vera sýknir af aðalkröfu áfrýjanda, Guðmundar Tryggvasonar, í máli þessu.

Framangreindri varakröfu vísast frá dómi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Málflutningslaun talsmanna áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, greiðist úr rikissjóði, en að öðru leyti ber hvor málsaðilja kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. f. m., hefur Guðmundur Tryggvason, bóndi í Kollafirði, Kjalarneshreppi, höfðað á bæj-

arþinginu með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1955, gegn landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stefnanda var veitt gjafsókn hinn 22. janúar 1953 í öðru máli af sama tilefni, og með bréfi, dags. 3. desember 1955, hefur Dómsmálaráðuneytið staðfest, að það gjafsóknarleyfi nái einnig til þessa máls.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða skaðabætur, að fjárhæð kr. 900.000.00, eða aðra fjárhæð að mati dómsins auk 6% ársvaxta frá 7. sept. 1949 til greiðlusdags, og málskostnað að skaðlausu.

Að ósk aðilja og með samþykki dómara hefur málinu verið skipt þannig, að málflutningur hefur að þessu sinni farið fram um bótaskyldu stefndu. Kröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru sem hér segir: Aðallega að stefndu verði in solidum dæmdir skyldir til að greiða stefnanda hæfilegar bætur fyrir jarðhita þann og námaréttindi, sem haldið var undan við afsalsgerð 7. september 1949, er stefnanda var seld jörðin Kollafjörður í Kjalarneshreppi, en til vara, að stefndi Jarðakaupasjóður verði dæmdur skyldur að greiða ofangreindar bætur að rétttri tiltölu við það, sem hin undanskildu verðmæti teljast mikill hluti heildarverðmætis jarðarinnar á fyrrgreindum afsalsdegi. Stefnandi krefst þess og, að stefndu greiði málskostnað in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en til vara, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, að fráskildum kostnaði hins skipaða talsmanns stefnanda, er greiddur verði úr ríkissjóði.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara mikillar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dags. 26. apríl 1940, seldi tengdafaðir stefnanda, Kolbeinn heitinn Högnason, Jarðakaupasjóði ríkisins eignar- og ábýlisjörð sína, Kollafjörð á Kjalarnesi, og tók hana síðan á erfðaleigu samkvæmt áskilnaði í afsalinu og gerði hana að erfðaleigu- og ættarjörð samkvæmt ákvæðum laga nr. 8/1936. Söluverð jarðarinnar var fasteignamatsverð hennar, og í afsalinu áskildi seljandi sér endurkaupsrétt samkvæmt ákvæðum 27. gr. nefndra laga.

Stefnandi skýrir svo frá, að löngu fyrir 1949 hafi verið ákveðið að neyta endurkaupsréttarins, en ekki hafi verið gerð að því gangskör fyrr en á því ári. Þáverandi ráðherra hafi samþykkt söluna, og gengið var frá afsali 7. september 1949. Í afsalinu til stefnanda var svo ákveðið, að námur og námaréttindi í landi jarðarinnar og sömuleiðis vatns- og jarðhita-

réttindi um heimilisþarfir fram væru undanskilin sölunni. Segir stefnandi, að þessum ákvæðum hafi verið mótmælt af sinni hálfu, en það varð að samkomulagi að ganga á þenna hátt frá afsali, en athuga atriði þessi nánar síðar. Stefnandi undirritaði afsalið með fyrirvara, að því er varðar hitaréttindi. Er ekki tókust samningar um breytingu skilmála þessara, höfðaði stefnandi mál á bæjarþinginu gegn Jarðakaupasjóði til ógildingar nefndra ákvæða afsalsins, en kröfum hans var hrundið með bæjarþingsdómi, uppkveðnum 24. júlí 1953, og var sá dómur staðfestur í hæstaréttardómi, uppkveðnum 10. nóv. 1954. Í framhaldi þeirra málaferla hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu skaðabóta.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að endurkaupsheimild sú, sem Kolbeini heitnum Högnasyni var veitt, hafi verið veruleg forsenda fyrir sölu jarðarinnar. Nú hafi Hæstiréttur í fyrrgreindum dómi litið svo á, að landbúnaðarráðherra hafi ekki verið heimilt að veita seljanda endurkaupsrétt á jörðum, sem keyptar voru fyrir fé Jarðakaupasjóðs samkvæmt lögum nr. 92/1936. Stefnandi sem rétttaki samkvæmt áskilnaðinum um endurkaupsrétt hafi verið sviptur þeim rétti, að því er varðar jarðhita og náma, og beri Jarðakaupasjóði því að bæta það fjárhagstjón, sem af þessu hlýzt fyrir stefnanda.

Í annan stað telur stefnandi, að ríkisvaldið sé tvímælaust bótaskyld gagnvart rétttökum hins upphaflega áskilnaðar fyrir að setja síðar löggjöf, er gerði að engu löglegan og þinglýstan áskilnað um endurkaup jarðarinnar óskertrar, og leggja þannig undir sig verðmæt gæði hennar, einhliða og bótalaust.

Stefndu telja stefnanda enga bótakröfu eiga á hendur þeim út af þessum kaupum. Benda þeir á, að um fullnaðarkaup hafi verið að ræða, þegar Kolbeinn heitinn seldi jörðina. Líta þeir svo á, að áskilnaðinn í afsalinu um „endurkaupsrétt skv. 27. gr. 1. nr. 8 1936“ beri að skýra svo, að færi svo síðar, að ríkisstjórnin vildi selja Kolbeini jörðina aftur, hafi hann með áskilnaðinum tryggt sér þau hagkvæmu kjör, sem umrædd laga-grein heimilar. Hins vegar hafi áskilnaðurinn ekki veitt Kolbeini né rétttökum hans sjálfstæða kröfu til að fá jörðina keypta. Þá telja stefndu, að sá réttur, sem nefndur áskilnaður kann að geyma, hafi verið bundinn við Kolbein Högnason persónulega og e.t.v. ekkju hans síðar. Loks telja stefndu, að stefnandi geti engar kröfur reist á áskilnaðinum, þar eð hann hafi keypt jörðina samkvæmt ákvæðum laga nr. 4 frá 1946, er þá giltu um sölu þjóðjarða.

Eftir að Kollafjörður kom í eigu stefnda Jarðakaupasjóðs, taldist jörðin til Þjóðjarða. Slíka jörð, sem byggja mátti eftir lögum nr. 8 frá 1936, var landbúnaðarráðherra heimilt samkvæmt 27. gr. þeirra laga að selja, svo fremi jörðin yrði gerð að ættaróðali, þegar sala færi fram. Að öðru leyti fjallaði lagagrein þessi um greiðsluskilmála jarðarverðisins. Þegar þess er gætt, að sala Kolbeins á jörðinni var fullnaðarkaup og að ráðherra er þess eigi um kominn að binda löggjafarvaldið um ráðstöfun slíkrar eignar með lögum, þykir eigi unnt að líta svo á, að samþykki ráðherra á afsalinu til stefnda Jarðakaupasjóðs hafi falið í sér annað eða meira en loforð um að selja Kolbeini jörðina aftur með öllum gögnum og gæðum og með kjörum þeim, sem greinir í 27. gr. laga nr. 8 frá 1936, á meðan ákvæði þeirrar lagagreinar héldi gildi sínu. Sá réttur, sem í þessu lá, féll því niður, er lagaákvæðum þessum var breytt, og verður stefnda Jarðakaupasjóði eigi gefin sök á því.

Breytingar þær, sem hér ræðir um, felast einkum í 47. gr. laga nr. 116 frá 1943 og 1. gr. laga nr. 4 frá 1946. Samkvæmt fyrra ákvæðinu fengu ábúendur Þjóðjarða rétt til að fá jarðirnar keyptar (innlausnarrétt) þó með þeirri takmörkun, að námaréttindi skyldu undanskilin sölu. Samkvæmt hinu síðara héldust réttindi þessi þó með þeirri frekari takmörkun, að einnig skyldi undanþiggja sölu vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir. Ákvæði síðari laganna voru í gildi, þegar stefnandi keypti Kollajörð. Þótt svo yrði litið á, að setning laga þessara hafi rýrt rétt þann, sem Kolbeinn heitinn öðlaðist við sölu jarðarinnar, bakar það ríkisvaldinu eigi bótaskyldu, vegna þess að þær almennu takmarkanir á réttindum, sem gerðar eru með lagaákvæðum þessum, verða að teljast byggðar á almannahagsmunum.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna báða stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu. Málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar hæstaréttarlögmanns Ólasonar, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 2.500.00, greiðist úr ríkissjóði, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður að öðru leyti.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Guðmundar Tryggvasonar, í máli þessu.

Málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar

Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00, greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. nóvember 1957.

Nr. 17/1956. **Lárus Sigurbjörnsson**
 og
Sigríður Árnadóttir (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Þjóðleikhúsinu
 og gagnsök (Páll Ásgeir Tryggvason hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómarmennir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
 Snævarr.

Bókagjöf til Þjóðleikhússins og skilyrði hennar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Lárus Sigurbjörnsson hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1956. Krefst hann þess, að sér verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1956. Eru aðaldómkröfur hans þessar:

1. Að ráðstöfun aðaláfrýjanda á hluta bókasafns hans til gagnáfrýjanda með bréfi aðaláfrýjanda og konu hans, dags. 1. febrúar 1950, verði metin gild og óafturtæk af hendi hans.

2. Að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að skila aftur til gagnáfrýjanda þeim hluta bókasafnsins, er hann hafði þegar flutt í Þjóðleikhúsið, en flutti þaðan aftur í október 1952, enda verði hann skyldaður til að afhenda skrá yfir þenna hluta safnsins, hvort tveggja að viðlögðum dagsektum til gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar.

3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að skila skrá yfir alla